Aðalfundur Oddafélagsins haldinn í Hlíðar-
enda á Hvolsvelli, 23. febrúar 1994.

1. Formaður, Þór Jakobsson, setti fund og bauð fundarm. velkomna. Tilnefndi Friðjón Guðröðarson fundarstjóra, sem las upp dagskrá, og gaf form. orðið á ný.

2. Formaður gat um starfið frá í fyrra. 2 fulltrúaráðsfundir hafa verið haldnir, Oddahátíð og Oddastefna, svo og stjórnarfundir á milli atburða. Þá var Sæmundardagur haldinn í fyrsta sinn á ártíð Sæmundar fróða hinn 23. maí 1993. Rakti formaður dagskrá þeirrar samkomu, sem fram fór í húsakynnum Háskóla Íslands. Þá sagði formaður frá Oddahátíðinni sem haldin var 20. júní 1993, og fólst í ferð um eyðibyggðir Rangárvalla í fylgd Valgeirs Sigurðssonar á Þingskálum sem er nýlátinn (d. 3.2.'94) og Einars Pálssonar, að afloknum messu í Oddakirkju.

Form. sagði einnig frá Oddastefnu, sem haldin var    okt. 1993 í Gunnarsholti, þar sem Elsa Vilmundardóttir hafði framsögu. Næsta Oddastefna fjalli um héraðsskóga. Greint var frá hugmyndum um að slá saman Oddastefnu og Sæmundardegi í framtíðinni (frá 1995).

Ennfremur sagði form. frá áætlunum um styttu í Odda af Sæmundi á selnum

c. Ásmund Sveinsson, sem Háskóli Íslands hefur heimilað fyrir sitt leyti, svo og kringgjá.
Þá gat formaður um hugmyndirnar um náttúrufræðistofu í Rangárþingi, sem félagið mun vinna að í framtíðinni.
Áhugi var víða auðfundinn á málstað félagsins.

3. Skýrsla gjaldkera, Friðjóns Guðröðarsonar. Fram kom að félagið á enga sjóði, enda hafa árgjöld lítt innheimst. Þetta stendur til bóta á þessu ári. Innstæða við síðustu áramót var kr. 2.560,-.

4. Kosningar: Stjórnin var einróma endurkjörin, svo skipuð: Þór Jakobsson, form., Drífa Hjartardóttir, Freysteinn Sigurðsson, Friðjón Guðröðarson og sr. Sigurður Jónsson. Endurskoðendur kjörnir Ólöf Kristófersd. og Pálmi Eyjólfsson, og til vara Steinþór Runólfsson.
Tekinn inn nýr félagi: Helgi Vigfússon, Reykjavík.

~~5.~~ Fulltrúaráð var kjörið óbreytt að nýju, svo skipað: (sjá hér neðst á síðunni):

5. Lagabreyting: „Fundartími aðalfundar Oddafélagsins er haldinn fyrir lok mars mánaðar ár hvert." Tillögu að breytingu þessari lagði formaður fyrir og var hún samþykkt.

6. Freysteinn Sigurðsson greindi frá hugmyndum um náttúrufræða- og umhverfisrannsóknastöðvar sem nú eru í deiglunni. Flest heyra þessi mál undir umhverfisráðuneytið.
Freyst. greindi frá fundi sem hann átti ásamt formanni í morgun, með umhverfisráðherra, Össuri Skarphéðinssyni.
Freysteinn greindi frá lagafrumvarpi um náttúrufræðistofur, og öðrum reglum og ákvæðum um setur Náttúrufræðistofnunar Íslands, sem verða eitt í hverjum fjórðungi.
Náttúrufræðistofur verða hins vegar fleiri í hverjum fjórðungi, og eiga að skipta með sér verkum.
Miðstöð umhverfisfræða gæti komist á fót hér í héraðinu, hugsanlega í tengslum við Landgræðsluna í Gunnarsholti.
Oddafélagið gæti orðið hvati að stofnun fræðafélags í Rangárþingi, sem tekið gæti að sér að annast um fræðasetur hér eystra, ef unnt yrði að koma slíku á laggirnar.
Magnús Finnbogason nefndi hugmyndir um landgræðsluskóla á Íslandi sem fram hafa komið. Hann taldi þetta tilvalið verkefni fyrir Oddafélagið og málstað þess.
Þór Jakobsson nefndi að Sumarlandaganga í vor yrði að ferast til v. hvítasunnunnar, en þar mun Árni Reynisson ræða um íslensk áhrif

og Jón Hnefill Aðalsteinsson um sannindi fróði
í sögu þjóðfræðinnar.
Þór nefndi einnig að framundan væri laga-
setning um umhverfismat, sem brýnt væri að
vita.
Drífa Hjartardóttir reifaði sæti Freysteins og taldi
brýnt að koma á fundi stjórnar Oddafélagsins
með héraðsnefnd Rangeinga. Fyrir slíkan
fund þyrfti að setja saman starfsáætlun
í e-rri mynd, og skriflega skýrslu að fylgja
með.
Gestur Ólafsson tók til máls um umhverfis-
mat. Margir aðilar þurfa að standa að
slíku mati, ekki einn aðili. Ljóst þarf að
vera hvort þetta verði rekið af neytendafélög-
um eða ríki, ellegar þá af einkaaðilum.
Síðan þarf að markaðssetja þjónustuna.
Fyrsta lagasetning í heimi ~~er~~ frá um umhverfis-
mat að er frá Bandaríkjunum árið 1969.
Gestur ræddi síðan um þróun umræðunnar hér
á landi undanfarin ár, og taldi mikla
þekkingu á málinu að finna hér á landi.
Oddafélagið gæti haft forgöngu um fræðslu
á þessu sviði. En umhv. mat væri byggja á náttúrufr.st.
Birgir Þórðarson taldi raunhæft að
fræðsluseturs á sviði umhverfismála verði
staðsett á Rangárvöllum. Umhverfismat væri
einnig orðið mjög brýnt, t.d. m.t.t. vatnsverndar
og fleiri þátta. Umhverfismat er þegar f. hendi á Heiði.
Freysteinn Sigurðsson taldi að náttúrufræði-
stofur þyrftu ekki endilega að leggjast upp

á ríki og sveitarfélög, eins og hann taldi Gestur Ólafsson hafa ýjað að. Ræddi Freysteinn um nauðsyn þess að koma þekkingu til skila á þessum málum. Umhverfismat kemur í kjölfar náttúrufr. st.

Þór Jakobsson tók undir fram komnar hugm. um nauðsyn eflingar undirbúnings umhverfismats. Hvatti eftir leiðum til að fara fyrir Oddafélagið, í því skyni að stuðla að umræðu umhverfismats.

Friðjón Guðröðarson taldi tímabært að efna til fundar með fulltrúum Oddafélagsins, Rangárvallahrepps og landgræðslunnar.

Sr. Sváfnir Sveinbjarnarson fagnaði undirbúningi hringvegar og hugmyndar að sameiginlegri þróun í Odda. Hvatti síðan til að héraðsnefndin myndi sýna öðrum sögu- og kirkjustöðum í héraðinu viðlíka sóma í framtíðinni.

Gestur Ólafsson taldi brýnt að nýta þann hug sem nú væri í umhverfismálum.

Freysteinn Sigurðsson tók undir orð sr. Sváfnis og taldi nauðsynlegt að gera ýmsa sögustaði hér aðgengilegri en nú er. Slíkt myndi jafnvel ~~stórr~~ skila sér aftur í peningum.

Ólöf Kristófersdóttir bað menn ekki gleyma Garðyrkjuskóla ríkisins í umræðunni sinni um umhverfismál. Þar væri rekin umhverfisbraut og margt fróðlegt á döfinni.

Magnús Finnbogason kvaðst vilja fela stjórn félagsins ~~ótakm~~ umboð til að undirbúa framgang

umhverfisfræðslu í víðum skilningi. – allt myndi þetta styðja hvað annað, og vera steinar í hleðslunni.

Birgir Þórðarson vakti athygli á átaksverkefni í atvinnumálum í vesturhluta Rangárvallasýslu, og fyrirhuguðum „Töðugjöldum" Kallaði eftir samstarfi við Oddafélagið.

Þór Jakobsson kvað ætlunina að fara í hálendisferð helgina eftir umrædd töðugjöld, þ.e. helgina 27. ágúst 1994.

Árni Ragnarsson tók til máls og fagnaði því að menn ætluðu að hafa Skota sér til fyrirmyndar í sambandi við umhverfismat s.fl. Náttúruminjaskrá ný væri í deiglunni, sem ætti sér skoska fyrirmynd. Þá gat hann um írsku áhrifin – Nauðsyn að kanna hvaða áhrif írskir og skoskir landnámsmenn sem hingað komu höfðu á Ísland og íslensk örnefni. Ljóst væri að íslenskuleg heiti væri víða að finna í Skotlandi, sem benti til tengsla þarna á milli.

Drífa Hjartardóttir þakkaði Árna innlegg hans. Gat um starf Eyjólfs Guðmundssonar að hellarannsóknum. Nauðsynlegt væri að stuðla að því að a.m.k. einn hellir hér í héraðinu yrði sýningarhæfur gjör.

Fundarstjóri sleit fundi kl. 18:20. Form. þakkaði honum góða stjórn, og héraðsnefnd fyrir veitingarnar.

Sigurður Sigmarsson
ritari